

Ed.

775. Frumvarp til laga

[193. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurborg gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurborg lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkssvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.